

**Dammann gegn Sviss**  
**Dómur frá 25. apríl 2006**  
**Mál nr. 77551/01**  
**10. gr. Tjáningarfrelsi**  
***Trúnaðarupplýsingar. Blaðamenn.***

**1. Málsatvik**

Kærandi, Viktor Dammann, er svissneskur ríkisborgari (f. 1950) og búsettur í Zürich þar sem hann starfar sem blaðamaður.

Hann skrifar fréttir af dómsmálum í dagblaðið Blick. Í tengslum við starf sitt ákvað hann að rannsaka rán á pósthúsi í Zürich í september 1997 þar sem 53 milljónum svissneskra franka var stolið.

Í tengslum við rannsókn sína á málinu hringdi hann á skrifstofu saksóknara í Zürich þann 10. september 1997 og bað um að fá samband við saksóknara. Þar sem enginn saksóknari var við ræddi hann við Z, skrifstofumann hjá saksóknara, og bað um aðstoð hennar við að afla upplýsinga um sakaferil manna sem voru handteknir vegna gruns um þátttöku í ráninu. Hann myndsendi Z lista með nöfnum þeirra handteknu. Hún merkti við á listanum hverjir þeirra væru á skrá vegna fíkniefnamála eða annarra mála og hverjir væru ekki með sakaferil og afhenti svo kæranda listann daginn eftir.

Kærandi birti upplýsingarnar ekki, né heldur notaði hann þær með öðrum hætti. Hins vegar sýndi hann lögreglumanni listann, sem tilkynnti lögreglu og saksóknara um athæfi kæranda. Í kjölfarið var kærandi ákærður fyrir að hvetja til brots á þagnarskyldu og Z var ákærð fyrir að brjóta þagnarskyldu í opinberu starfi. Z var sakfelld fyrir brot í opinberu starfi og leyst frá störfum hjá saksóknara. Kærandi var sýknaður í undirrétti, en áfrýjunardómstóll í Zürich sakfelldi hann og dæmdi hann til að greiða sekt að fjárhæð 500 svissneskra franka.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

***Kæran***

Kærandi hélt því fram að með sakfellingunni hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

***Niðurstaða***

Dómstóllinn tók fram að málið varðaði ekki rétt til að birta efni, heldur rannsóknar- og undirbúningsvinnu blaðamanna fyrir vinnslu og birtingu fréttæfnis. Dómstóllinn taldi þennan þátt starfs blaðamanna kalla á nákvæma skoðun í ljósi þess að takmarkanir á honum gætu stefnt tjáningarfrelsi í mikla hættu. Þótt óumdeilt væri að persónuupplýsingar um sakaferil hinna grunuðu ættu að njóta trúnaðar leit dómstóllinn til þess að hægt var að afla upplýsinganna með öðrum hætti. Það væri t.d. hægt með því að skoða eldri dóma eða fréttuumfjöllun. Að mati dómstólsins vörðuðu upplýsingarnar almannahagsmunir þar sem þær tengdust upplýsingum um tiltekið rán sem hafði verið fjallað mikið um í fjölmiðlum.

Dómstóllinn taldi svissneska ríkið þurfa að bera hallann af athöfnum Z, starfsmanns saksóknara, sérstaklega þar sem kærandi hafði ekki blekkst hana, hótad henni eða beitt þrýstingi til þess að veita sér upplýsingarnar. Ennfremur höfðu þeir sem áttu hlut að máli ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna atburðarins, þar sem kærandi ákvað að birta ekki upplýsingarnar.

Dómstóllinn taldi að refsing kæranda, þrátt fyrir að hún hefði verið væg, væri til þess fallin að fæla kæranda frá rannsóknarvinnu í starfi sínu. Takmörkunin gæti haft þær afleiðingar að blaðamenn héldu aftur af sér í samfélagslegri umræðu og þannig hefti hún fjölmiðla í að sinna hlutverki sínu að miðla upplýsingum til almennings.

Dómstóllinn taldi því að með refsingu kæranda hefði verið farið gegn meðalhófi og að hún væri ekki nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi, með tilliti til hagsmuna lýðræðisþjóðfélags af því að viðhalda frelsi fjölmiðla. Var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 3.244 evrur vegna kostnaðar sem hann hafði orðið fyrir vegna reksturs málsins, en hann hafði ekki uppi kröfur um miskabætur.